



Fundargerð

170.fundur. fundur Skipulagsnefndar haldinn í fjarfundi á Zoom, fimmtudaginn 9. desember 2021, kl. 15:00.

Fundinn sátu:

Rúnar Þorri Guðnason, Jón Hrafn Karlsson, Bjarki Guðnason, Kristbjörg Hilmarsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Gústaf B Pálsson, Bergur Kristinn Guðnason var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Jóna Björk Jónsdóttir, Sandra Brá Jóhannsdóttir, Margrét Ólafsdóttir og Ólafur Elvar Júlíusson.

Fundargerð ritaði: Ólafur Júlíusson, .

1. Hemrumörk - Deiliskipulag - 1608006

Endurauglýsing á DSK fyrir Hemrumörk, Skaftárhreppi Skipulagið var endurauglýst frá 23.september til og með 4.nóvember 2021. Engar athugasemdir bárust. Umsagnir bárust frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Vegagerðinni og Minjastofnun Íslands.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að deiliskipulagstillagan verði samþykkt með uppfærðum áherslum frá ofangreindum umsagnaraðilum og fái málsmeferð skv. 42. gr. skipulagslaga 123/2010

2. Þétting byggðar á Kirkjubæjarklaustri - Dsk breyting - 1901004

Um er að ræða breytingu sem felur í sér að breyta tveimur einbýlishúsalóðum í tvær fjölbýlishúsalóðir og 3ja íbúða raðhúsalóð í 4ja íbúða raðhúsalóð.

Skipulagsbreytingin var auglýst frá og með fimmtudeginum 28.október til og með fimmtudeginum 9.desember 2021.

Tvær athugasemdir bárust.

Skipulagsnefnd frestur afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd felur skipulags- og byggingarfulltúa að láta útfæra sniðmyndir sem sýna afstöðu húsa í hæð/landhæðir/götuæðir við Skriðuvelli 12, 14, 15, 17, 19, 21 og 23 innbyrðis og við aðliggjandi hús svo sem við Skriðuvelli 9, 11 og 13. Jafnframt verði leitað lausna með vatnaveitingar milli lóða frá Kvennaklifi. Jafnframt skoðað hvort deiliskipulagsbreyting hafi áhrif á þegar úthlutaðar lóðir.

3. Skriðuvellir 23 - Lóð skilað - 2109005

Fjölbýlishúsalóðir á Læknisreit.

Eigendur Byggðabóls ehf vilja lýsa yfir furðu og vonbrigðum með vinnubrögð sveitarstjórnar/byggingaryfirvalda hér í sveit, varðandi fjölbýlishúsalóðir á svonefndum Læknisreit.

Skipulagsnefnd þakkar eigendum Byggðabóls ehf fyrir erindið.

Lóðin að Skriðuvöllum 23 verði auglýst ásamt öðrum lausum lóðum á Kirkjubæjarklaustri í framhaldinu.

Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að svara eigendum Byggðabóls ehf.í samræmi við



umræðu fundarins.

4. Fálkatindsból - Umsókn um skráningu nýrrar landeignar - 1709023

Hannes Jónsson kt. 070553-3099 sækir um skráningu nýrrar landeignar úr landi Fálkatindsbóls L225688 skv. meðfylgjandi gögnum.

Skipulagsnefnd samþykkir erindið.

5. Iðjuvellir 10 - Umsókn um skráningu nýrrar landeignar - 2112005

Fanney Ólöf Lárusdóttir kt. 160170-4929 og Sverrir Gíslason kt. 060469-4319 sækja um skráningu nýrrar landeignar úr Kirkjubæjarklaustri 2, L163396, hin nýja lóð fær heitið Iðjuvellir 10 skv. deiliskipulagi.

Skipulagsnefnd samþykkir erindið.

6. Skaftá - Viðhald garða með Landbroti - 2112006

Landgræðslan óskar heimildar fyrir 2000m³ malarnámi til styrktar varnargörðum við Skaftá. Malartekjan er um 2000m³ úr landi Hraukots.

Skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Skipulagsnefnd vísar annars erindinu til vinnuhóps um endurskoðuna ASK 2020-2032, að náman verði sett inn á ASK upprátt við endurskoðun.

7. Sléttaból - Heimild til niðurrifs húsa - 2112007

Ríkiseignir kt. 690981-0259, óska heimildar að rífa hús að Séttabóli sjá nánar í gögnum

Skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Skipulagsnefnd samþykkir framvegis að fela skipulags- og byggingarfulltrúa afgreiðslu erinda sem þessa þ.e.a.s "Heimild til niðurrifs mannvirkja".

8. Virkjun í Hverfisfljóti - 1710004

Tölvupóstur frá Skipulagsstofnun dags. 2.des. sl.

Óskað er eftir efnislegum viðbrögðum sveitarstjórnar við hverri og einni athugasemd sem barst á athugasemdatímabilinu.

Skipulagsnefnd felur formanni skipulagsnefndar og skipulags- og byggingarfulltrúa að bregðast við athugasemdum Skipulagsstofnunar og leggja fyrir næsta fund nefndarinnar.

Z-listinn bendir á rökleysi meirihluta sveitarstjórnar í afstöðu sinni til Hnútvirkjunar sem kemur meðal annars fram í svörum við innsendum athugasemdum. Z-listinn tekur undir þau viðhorf sem koma fram í athugasemdum og leggur áherslu á að svör við athugasemdum verði lögð fram sem „vilji meirihluta sveitarstjórnar“ en ekki „vilji sveitarstjórnar“ þar sem sveitarstjórn hefur aldrei verið einhuga í þessu máli eins og skýrt hefur komið fram frá byrjun.

9. Rekstrarleyfi - 2110006

Umsögn í tölvupósti frá Skipulagsstofnun 26.nóv sl.

varðandi "óverulega breytingu á skilmálum fyrir frístundabyggð F4 við Hæðargarðsvatn Skaftárhreppi"



Skipulagsnefnd samþykkir að gerð verði óveruleg breyting á skilmálum fyrir frístundabyggð F4 við Hæðargarðsvatn Skaftárhreppi. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að auglýsa breytinguna skv. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

10. Umsókn um skipulagsmál - Br á ASK - 2112009

Umsókn um skipulagsmál frá Sigurði Árnasyni kt. 090276-4689 á Snæbýli skv. meðf. gögnum
Skipulagsnefnd vísar erindinu til vinnuhóps um endurskoðun ASK Skaftárhrepps 2020-2032

11. Færsla á Þjóðvegi á Síðu - Ábending - 2112008

Jóhanna Steingrimsdóttir og Logi Ragnarsson Hörgslandskoti 1 leggja inn ábendingu varðani legu þjóðvegar frá Hörgsá að Fossálum skv. meðf. gögnum

Skipulagsnefnd vísar erindinu/ábendingunni til vinnuhóps um endurskoðun ASK Skaftárhrepps 2020-2032

12. Rekstrarleyfi - Efri Ey 2 - 1906004

Ingi Svavarsson fh. I-14 ehf kt. 620517-0110, sækir um breytingu á ASK og DSK gerð samtímis skv. meðf. gögnum

Skipulagsnefnd vísar erindinu til vinnuhóps um endurskoðun ASK Skaftárhrepps 2020-2032

13. Endurskoðun Aðalskipulags - 1904001

Vinnuhópur um endurskoðun ASK 2020-2032, fundargerðir

Til kynningar

14. Klausturvegur 6 - DSK til kynningar - 2112010

DSK tillaga til kynningar

Til kynningar

Fundi slitið kl. 16:49.



Bjarki Guðnason

Gústaf B Pálsson

Jóna Björk Jónsdóttir